

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2012/EES/54/31
nr. 1190/2011**

frá 18. nóvember 2011

**um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1730/2006 og (EB) nr. 1138/2007 að því er
varðar heiti handhafa leyfis fyrir fóduraukefninu bensósýru (VevoVital) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾,
einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Emerald Kalama Chemical BV hefur lagt fram um-sóknir skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á heiti handhafa leyfisins að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1730/2006 frá 23. nóvember 2006 um leyfi til að nota bensósýru (VevoVital) sem aukefni í föðri ⁽²⁾ og að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1138/2007 frá 1. október 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á bensósýru (VevoVital) sem aukefni í föðri ⁽³⁾.
- 2) Umsækjandi fullyrðir að frá og með 26. maí 2011 hafi DSM Special Products BV verið breytt í Emerald Kalama Chemical BV sem nú á markaðssetningarrétt fyrir þetta aukefni. Umsækjandinn hefur lagt fram skjöl til stuðnings staðhæfingum sínum.
- 3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

4) Til að gera umsækjanda kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn undir heitinu Emerald Kalama Chemical BV er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfisins.

5) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 1730/2006 og (EB) nr. 1138/2007 til samræmis við það.

6) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfinu tengjast ekki öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirbyggjandi birgðir.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað orðanna „DSM Special Products“ í 2. dálki töflunnar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1730/2006 skuli koma orðin „Emerald Kalama Chemical BV“.

2. gr.

Í stað orðanna „DSM Special Products“ í 2. dálki töflunnar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1138/2007 skuli koma orðin „Emerald Kalama Chemical BV“.

3. gr.

Fyrirbyggjandi birgðir sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar má markaðssetja og nota til 9. júní 2012.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 302, 19.11.2011, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 8.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.
